

Sp.

47. Fyrirspurnir.

[46. mál]

I. Til félagsmálaráðherra um Styrktarsjóð vangefinna.

Frá Helga F. Seljan.

Hver eru áform félagsmálaráðuneytisins um framtíðarskipan Styrktarsjóðs vangefinna:

- a. varðandi fjáröflun til sjóðsins;
- b. yfirstjórn hans með hugsanlegri aðild landssamtakanna Þroskahjálpar;
- c. verkefni sem sjóðnum yrðu falin í tengslum við hugsanlega eflingu hans?

II. Til forsætisráðherra um athugun á byggingu og rekstri fiskvinnsluverksmiðju á Snæfellsnesi.

Frá Jónasi Árnasyni.

Hvað líður framkvæmd þingsályktunar frá 16. maí 1975 um að ríkisstjórnin láti kanna hvort hagkvæmt sé að byggja og starfrækja verksmiðju á Snæfellsnesi er unnið geti feitan fisk og fiskúrgang?

III. Til forsætisráðherra um aðgerðir til úrbóta í atvinnumálum á utanverðu Snæfellsnesi.

Frá Jónasi Árnasyni.

- a. Hvað hyggst ríkisstjórnin gera til að bæta úr því slæma atvinnuástandi sem nú ríkir á utanverðu Snæfellsnesi, einkum í Ólafsvík?
- b. Getur ríkisstjórnin fallist á það í þessu sambandi að heimila togarakaup erlendis frá með hliðstæðri lánaþyrirgreiðslu og almennt var veitt á árunum 1972—75?
- c. Má ekki vænta þess að ríkisstjórnin greiði fyrir lánveitingum til byggingar verbúða í Rífi, svo að það mikla nauðsynjamál liggja ekki lengur í láginni vegna tregðu lánastofnana?